

ABC barnahjálp á Íslandi
Ársreikningur
2011

ABC barnahjálp á Íslandi
Siðumúla 29
108 Reykjavík
Kt. 690688-1589

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	9
Sundurliðanir	10

Skýrsla og áritun stjórnar

Starfsemi ABC barnahjálpar á Íslandi var með svipuðu sniði og árið á undan. Erfitt efnahagsástand á Íslandi og óhagstætt gengi krónunnar kom niður á starfsemi ABC þar sem minna var hægt að senda út til starfsmanna af þeim sökum. Samt sem áður var framgangur á ýmsum starfsstöðum ABC. Allir 40 skólar ABC voru starfræktir þótt ekki hafi tekist að koma skólamáltíðum á að nýju í öllum dagskólunum eftir hrun krónunnar. Stuðningsaðilar voru 6.747 í árslok. Margir þurftu að hætta stuðningi á árinu en aðrir bættust í hópinn og fækkaði stuðningsaðilum samtals um 108 á árinu. Börn undir verndarvæng ABC voru 11.413 talsins í árslok og fjölgaði um 129 á árinu. Af þeim bjuggu um 3.600 börn á heimavistum og barnaheimilum ABC.

Ráðist var í fyrsta innanlandsverkefni ABC á árinu 2011 í samstarfi við Marita fræðsluna og IOGT og kostaði ABC jákvæðar forvarnir í tólf grunnskólum fyrir nemendur og foreldra 5. og 6. bekkina. Nyttjamaðurinn flutti í nýtt húsnæði í Súðarvogi 3 í byrjun apríl en þá tók ABC alfarið við rekstri hans. Markaðurinn kemur fátækum fjölskyldum til góða auk þess að styðja við ABC barnahjálpar gegnum Vínafélag ABC. ABC skólinn flutti í sama hús um haustið. Skólinn útskrifaði tvo nemendahópa á árinu og höfðu þá samtals 80 ABC liðar útskrifast úr skólanum. Söfnunin Börn hjálpa börnum var áfram ein mikilvægasta söfnun starfsins og tóku hátt í 3.000 börn í 87 skólum þátt í henni.

Á Indlandi var lokið við byggingu barnaskóla með 4 skólastofum fyrir El Shaddai barnaheimilið þar sem 225 börn búa. Byggingin var tekin í notkun um haustið en hún er afrakstur af söfnuninni Börn hjálpa börnum. Á Heimili litlu ljósanna voru 2.500 börn og unglingar í námi og fullri framfærslu auk þess sem 1.030 börn sóttu kvöldskóla ABC í þorpum Dalíta.

Í Úganda voru um 1.800 börn í Gulu, Rackoko og Kitetika sem gengu í skóla á vegum ABC á Íslandi. Áfram voru reknir 7 skólar á vegum ABC í Kitetika og Rackoko. Framhaldsskólanemar söfnuðu fyrir eldhúshöldum og leiktækjum fyrir Litla Verzló í Rackoko en áður hafði verið safnað fyrir brunni og forskóla á sama stað.

Í Pakistan voru reknir 13 ABC skólar eins og árið áður fyrir hátt í 3.000 börn, þar af heimavistarskóli fyrir rúmlega 600 nemendur. Áfram var unnið í því að útvega húsgögn í skólastofur og tókst með hjálp íslenskra grunn- og framhaldsskólanema að útvega fé til kaupa á borðum og stólum fyrir nokkra af skólunum. Settir voru upp saumaskólar fyrir stúlkur við tvo af ABC skólunum. Undir lok árs voru hafnar framkvæmdir við byggingu skólahúss í Mackike fyrir heimavistarbörnin. Einnig voru framkvæmdir hafnar við byggingu þriggja viðbótarkennslustofa við ABC skólann í Peshawar og styrktu þarlend stjórnvöld þær byggingarframkvæmdir á móti ABC.

Í Kenýa var áfram unnið við götubarna- og skólastarf fyrir um 690 börn. Tveir nemendahópar ABC skólans fóru í vettvangsferð til Kenýa og komu færandi hendi en auk fjármuna fluttu þeir með sér barnafatnað og aðrar nauðsynjar fyrir heimilið. Haldið var áfram að taka börn af götunni inn á heimili ABC. Fest voru kaup á lóð undir skóla og heimavist ABC í Nairóbí og hafist var handa við byggingu skóla í Masáiþorpi í Loitoktok við Kilimanjaro.

Í Líberíu var áfram unnið að lausn mála varðandi land ABC. Litla barnaheimilið flutti um set og börnum fjölgaði.

Í Senegal var haldið áfram með forskóla og fótoltaskóla ABC. Nýr árgangur bættist við forskólann og barnaskólinn var kominn með fyrstu tvo bekkir grunnskóla. Útbúið var leiksvæði fyrir börnin á þaki byggingarinnar.

Á Filippseyjum hefur starf ABC byggst upp jafnt og þétt og voru ABC skólarnir orðnir 10 talsins og börnin í þeim 880 í lok árs. Settur var á fót saumaskóli í Binalbagan og opnað athvarf fyrir götubörn í Quezon City. Samstarfið við Norrænu barnahjálpara hélt áfram á svipuðum notum og voru 667 börn styrkt til náms í gegnum það starf.

Í Burkina Faso fjölgaði börnunum enn þegar nýr árgangur kom í skólann í september og flutti þá skólinn í nýja skólahúsnæðið. Byggð voru eldhús og matsalur við ABC skólann og grafið fyrir brunni. Einnig voru tveir gámar útbúnir, sem heilsugæsla og kennarastofa fyrir skólann.

Skýrsla og áritun stjórnar frh.:

Á árinu 2011 voru átta til ellefu launaðir starfsmenn í starfi hjá ABC í samtals 5,25 til 7,5 stöðugildum. Þar af voru fjórir starfsmenn í Nytjamarkaðinum og ABC skólanum. Starfsmenn ABC barnahjálpar voru allir á launaskrá hjá Vinafélagi ABC barnahjálpar og koma því ekki fram í ársreikningi ABC. Allur annar rekstrarkostnaður ABC barnahjálpar var einnig greiddur af Vinafélagi ABC að undanskildum þjónustugjöldum banka og kortafyrirtækja sem eru tekin sjálfvirk af framlögum.

U.þ.b. 3.500 sjálfboðaliðar unnu við margvíslega skrifstofuvinnu, hönnun, myndbandagerð, pökkun og sölu, dreifingu bæklinga, tónleikahald, auglýsingagerð, safnanir, kennslu í ABC skólanum, nytjamarkað, endurskoðun, hjálparstarf erlendis o.fl. U.þ.b. 18.000 vinnustundir voru gefnar á árinu. Aðrar óbeinar gjafir á árinu sem ekki koma fram í ársreikningi voru t.d. pappír, prentun, framköllun mynda, kaffi, brauð, afnot af bíl, tryggingar, bensín, viðgerðir, varahlutir og rekstrarvörur auk margs konar afsláttar af efni og þjónustu.

Fjármunir sem sendir voru til hjálparstarfa erlendis frá ABC á Íslandi drógust saman um 10,3% frá árinu áður en á móti var hærri upphæð óráðstafað við áramót.

Úthlutun samkvæmt skipulagsskrá til hjálparstarfa erlendis frá ABC á Íslandi í gegnum ABC International nam 263 milljónum króna.

Yfirlýsing stjórnar

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er ársreikningur ABC barnahjálpar á Íslandi í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2011 og rekstrarafkomu ABC barnahjálpar á Íslandi og breytingu á handbæru fé á árinu 2011.

Stjórn ABC barnahjálpar á Íslandi hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2011 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 8. 5 2012.

Í stjórn hjálparstarfsins:

Guðrún Margrét Pálsdóttir
Erta Emla
Samuél Jónsson
Þórunn
Helga S. Sigurðardóttir
Herdis Halvordsdóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar ABC barnahjálpar á Íslandi.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning ABC barnahjálpar á Íslandi fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit og sundurliðanir.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2011, efnahag þess 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög um ársreikninga.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 8 / 5 2012.

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur ársins 2011

	2011	2010
Rekstrartekjur:		
Gjafir og áheiti	271.369.374	289.917.932
Söfnunarfé: Börn hjálpa börnum og aðrar safnanir	14.891.298	15.978.941
Opinberir styrkir	2.080.000	500.000
	<u>288.340.672</u>	<u>306.396.873</u>
Rekstrargjöld:		
Hjálparstarf sent í gegnum ABC barnahjálpar International	263.111.927	293.446.905
Vínafélag ABC barnahjálpar	5.615.638	13.748.820
Annar rekstrarkostnaður	4.808.974	4.521.816
	<u>273.536.539</u>	<u>311.717.541</u>
Rekstrarhagnaður (-tap) án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	14.804.133	(5.320.668)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):		
Vaxtatekjur og gengismunur	234.765	371.213
Fjármagnstekjuskattur	(46.945)	(66.812)
	<u>187.820</u>	<u>304.401</u>
Hagnaður (tap) ársins	<u>14.991.953</u>	<u>(5.016.267)</u>

Efnahagsreikningur

Eignir

	2011	2010
Fastafjármunir:		
ABC barnahjálpar International, stofnframlag	230.000	230.000
Fastafjármunir samtals	<u>230.000</u>	<u>230.000</u>
Veltufjármunir:		
Viðskiptakröfur	792.157	977.993
Óbundnar bankainnstæður	16.233.587	1.055.798
Veltufjármunir samtals	<u>17.025.744</u>	<u>2.033.791</u>
Eignir samtals	<u><u>17.255.744</u></u>	<u><u>2.263.791</u></u>

31. desember 2011

Eigið fé

	2011	2010
Eigið fé:		
Óráðstafað eigið fé	17.255.744	2.263.791
Eigið fé samtals	<u>17.255.744</u>	<u>2.263.791</u>

Eigið fé samtals	<u>17.255.744</u>	<u>2.263.791</u>
-------------------------	-------------------	------------------

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2011

	2011	2010
Rekstrarhreyfingar:		
Hagnaður (tap) ársins	14.991.953	(5.016.267)
Veltufé frá (til) rekstrar	<u>14.991.953</u>	<u>(5.016.267)</u>
 Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:		
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)	185.836	(437.476)
	<u>185.836</u>	<u>(437.476)</u>
Handbært fé frá (til) rekstrar	<u>15.177.789</u>	<u>(5.453.743)</u>
 Hækkun (lækkun) á handbæru fé	15.177.789	(5.453.743)
 Handbært fé í ársbyrjun	<u>1.055.798</u>	<u>6.509.541</u>
 Handbært fé í árslok	<u><u>16.233.587</u></u>	<u><u>1.055.798</u></u>

Sundurliðanir

	2011	2010
Hjálparstarf sent í gegnum ABC barnahjálpar International		
Sent til Comforter Ministries á Indlandi	13.119.777	21.153.603
Sent til ABC barnahjálpar á Filippseyjum	8.859.922	10.071.680
Sent til ABC barnahjálpar í Úganda	50.249.283	53.018.064
Sent til Reach / Heimilis litlu ljósanna á Indlandi	72.261.750	76.235.960
Sent til Mission of Mercy	642.565	814.336
Sent til ABC barnahjálpar í Senegal	3.191.265	1.736.864
Sent til ABC barnahjálpar í Pakistan	49.430.656	55.249.022
Sent til ABC barnahjálpar í Kenýa	32.435.558	37.436.406
Sent til ABC barnahjálpar í Líberíu	658.592	2.364.711
Sent til ABC barnahjálpar í Burkina Faso	6.264.001	9.716.830
Sent til Norrænu barnahjálparinnar v. barnahjálpar á Filippseyjum	13.885.016	12.539.577
Sent til ABC barnahjálpar í USA v/ barnahjálpar á Filippseyjum og Pakistan	6.884.856	5.525.352
Sent til ABC barnahjálpar í Færeyjum v. barnahjálpar í Líberíu og Senegal	3.068.522	0
Framlag vegna launa og annars kostnaðar vegna hjálparstarfs erlendis	1.930.164	7.584.500
Framlag vegna hjálparstarfs innanlands	230.000	0
	263.111.927	293.446.905
Annar rekstrarkostnaður		
Þóknun vegna greiðslukorta og þjónustugjöld	4.741.974	4.500.616
Ýmis gjöld	67.000	21.200
	4.808.974	4.521.816
Óráðstafað eigið fé:		
Eigið fé 1.1.2011	2.263.791	7.280.058
Hagnaður (tap) ársins	14.991.953	(5.016.267)
Eigið fé 31.12.2011	17.255.744	2.263.791